

STJÓRNARTÍÐINDI B 71 – 1989

30. október 1989

1025

Nr. 503

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Akureyrar.

1. gr.

Hitaveitan selur varmaorku úr veitukerfi sínu samkvæmt gjaldskrá þessari og reglugerð Hitaveitu Akureyrar.

2. gr.

Vatnsrennsli að hitakerfi húsa er takmarkað um hemla. Greiða skal árlegt afgangsgjald samkvæmt hemilstillingu, sem kaupandi ákveður og fer skriflega fram á við hitaveituna.

Neysluvatnslögn skal tengja fyrir framan hemil og fyrir aftan mæli.

Hæsta stilling hemils gildir eitt ár í senn miðað við 1. desember, þótt aflþörf verði minni hluta úr ári. Gjaldtaka skal þó miðast við fyrsta dag næsta mánaðar eftir breytingu, þegar um hækkun hemilstillingar er að ræða. Fyrir breytingu á hemilstillingu skal greiða skammta-breytingargjald samkvæmt gjaldskrá þessari.

Minnsta breyting á hemilstillingu er 0,5 ltr/mín (mínútlítri).

Lágmarksstilling hemils er einn ltr/mín.

3. gr.

Fyrir öll afnot af varmaorku skal greiða orkugjald samkvæmt rúmmetramæli og fast afgangsgjald samkvæmt hemilstillingu eða mælagjald.

A. Orkugjald:

Orkugjald fyrir hvern rúmmetra kr. 88,80

B. Fastagjald:

B.1 Fyrir almenna húshitun ásamt neysluvatni.

Fast afgangsgjald (hemlagjald) ltr/mín/ár kr. 5 074,00

B.2 Án húshitunar.

Mælagjald á mánuði kr. 482,00

4. gr.

C. Stofngjöld skulu reiknast sem hundraðshluti af sama stofni og útreikningur byggingargjalda miðast við samkvæmt gjaldskrá byggingargjalda á Akureyri:

C.1 Gjaldstuðull fyrir fyrstu 300 m² 1,1%

C.2 Gjaldstuðull umfram 300 m² 0,4%

B 76

Í stofngjaldi er innifalin ein heimæð á lóð allt að 30 m að lengd, talið frá lóðarmörkum þar sem hitaveituæðin kemur að viðkomandi lóð.

C.3 Mælagrindargjald	kr. 16 841,00
C.4 Gjald fyrir hvern lengdarmetra í heimæð umfram 30 m lengd frá lóðarmörkum	kr. 2 110,00

5. gr.

D. Önnur gjöld:

D.1 Lokunargjald	kr. 1 064,00
D.2 Skammtabreytingargjald	kr. 629,00
D.3 Mælaálestrargjald (aukaálestur)	kr. 629,00

6. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar.

Gjaldskrá þessi, sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að taka gildi 1. nóvember 1989, með vísan til auglýsingar ráðuneytisins, nr. 267, 30. maí 1989 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 445, 25. september 1989.

Iðnaðarráðuneytið, 30. október 1989.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

AUGLÝSING

um endurgreiðsluhlutfall söluskatts fiskvinnslufyrirtækja.

Sjávarútvegsráðuneytið hefir ákveðið eftirfarandi hlutföll endurgreiðslu vegna uppsöfnunar söluskatts við kaup á aðföngum fiskvinnslu. Endurgreiðsluhlutföll eru miðuð við fobverðmæti útfluttra sjávarafurða og gilda um útflutning frá og með nóvember 1989 til og með desember 1989 nema annað verði ákveðið. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 352, 10. júlí 1989.

1. Frysting	2,0%
2. Rækjuvinnsla	2,0%
3. Hörpudiskvinnsla	2,5%
4. Síldarsöltun	1,0%
5. Söltun	1,0%
6. Hersla	1,0%
7. Mjöl- og lýsisvinnsla	2,0%
8. Lifrarlýsi	1,0%
9. Ísvarin og kæld flök	1,0%

Sjávarútvegsráðuneytið, 30. október 1989.

Halldór Ásgrímsson.

Árni Kolbeinsson.